

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 2. október 2024

Fyrirlesari: Stefán Pálsson, sagnfræðingur.

Efni: „Saga hersröðvabaráttunnar“

Mættir: 41 skráður, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund kl. 16 og rakti stuttlega það sem fram undan er hjá Öldungadeildinni en þar ber nú hæst afmælisveislu til að fagna 30 ára afmæli deildarinnar föstudaginn 4. október. Öldungadeild stendur fyrir einni málstofu á komandi Læknadögum sem ber titilinn “Eitt sinn skal hver deyja” og að auki einum hádegisfundi. Formaður minntist síðan lækna sem látist hafa frá síðasta fundi, þeirra Lofts Magnússonar og Sigurðar Björnssonar. Þessu næst kynnti formaður fyrirlesarann, Stefán Pálsson, sagnfræðing, og gaf honum orðið. Umræðuefni hans var saga herstöðvabaráttunnar, en á næstunni kemur út bók um þetta efni undir ritstjórn Árna Hjartarsonar og er Stefán einn höfunda. Frásögn Stefáns var fjörleg og grípandi. Hann rakti sögu herstöðvamálsins sem á stundum var mjög fyrirferðarmikið í íslenskum stjórnámálum á seinni hluta 20. aldar og fram á þá 21. og vísaði bæði til alþjóðlegs samhengis og stjórn málaáðstæðna á Íslandi. Andspyrnan gegn herstöðinni í Keflavík hreyfðist mjög í takt við það sem var að gerast erlendis og hvernig vindar blésu í samskiptum Bandaríkjamanna og Sovétmanna í kalda stríðinu. Þegar Campaign for Nuclear Disarmament, CND, hófst í Bretlandi og í kjölfar fyrstu Aldermarston göngunnar fór bylgja um heiminn. Kjartan Ólafsson var þá við nám í Bretlandi og samtök hernámsandstæðinga voru stofnuð, reyndar á Brúsastöðum en ekki Þingvöllum. Fyrsta Keflavíkurgangan var gengin 1960. Á næstu árum birtist alþjóðlega friðarmerkið en göngurnar fá líka meiri þjóðlega vísun. Þegar Kúbudeilan var um garð gengin og dró úr bráðri stríðsögn dvínaði jafnhliða krafturinn í hreyfingunni. Í tengslum við NATO fundinn 1968 lifnaði aftur yfir henni, en í breyttri mynd undir merkjum Æskulýðsfylkingarinnar. Þá var efnt til mótmæla og beindust þau líka gegn Vietnamstríðinu, eins og víða um lönd. Á næst árum minnkaði spennan í kalda stríðinu en hér á landi flæktu þorskastríðin myndina. Árið 1972 voru svo stofnuð Samtök hernámsandstæðinga í erfidrykkju Jóhannesar skálds úr Kötlum. Stærsta Keflavíkurgangan var farin 1976, í seinasta þorskastríði. Enn hitnaði í kolunum með kjarnorkukapplaupi 9. áratugarins og stofnaðar voru stórar og smáar friðarhreyfingar víða um heim. Ýmsar vinstri stjórnir höfðu gert atrennu að því að reka bandaríska herinn úr landi, en aldrei komist lengra. Við lok kalda stríðsins fóru Bandaríkjamenn að hugsa sér til hreyfings, en þá vildu Íslendingar ekki sleppa þeim. En herinn fór árið 2006. Umræður urðu fjörugar og kom m.a. fram að síðasta Keflavíkurgangan var gengin 1991, nærvera hersins hefur haft svipuð áhrif á atvinnulíf og mannlíf á Suðurnesjum og þekkt er annars

staðar við herstöðvar og enn lifir í gömlum glæðum, nú eru það samtök hernaðarandstæðinga með tengsl við alþjóðleg samtök.

Fundi slitið 17:12